


# Súrefnið mælt í Kolgrafafirði

## ● Talið að lítið sé þar af íslensku síldinni ● Magnið verður mælt í næstu viku

**Ágúst Ingi Jónsson**
aij@mbl.is

Síritandi mæli var í vikunni komið fyrir í Kolgrafafirði til að fylgjast með súrefnismettun í firðinum. Í vetur er fyrirhugað að fara þangað nokkrum sinnum á báti til umhverfisvöktunar. Þá er súrefni, selta og hitastig mælt á fleiri stöðum heldur en við fyrrnefndan súrefnismæli í dýpsta álnum. Í haust er talið að lítið hafi verið af síld í Kolgrafafirði, en magnið verður mælt í næstu viku af Hafrannsóknastofnun með aðstoð heimamanna í Grundarfirði.

### Umhverfisslys í fersku minni

Mönnum eru í fersku minni umhverfisslysin tvö sem urðu í firðinum veturinn 2012-13 þegar um 50 þúsund tonn af síld drápust þar í tveimur atburðum, að því er talið er vegna súrefnisskorts. Talið er að yfir 200 þúsund tonn af síld hafi haft vetursetu í Kolgrafafirði veturinn 2012-2013 þegar mest var. Magnið minnkaði til muna í fyrravetur þegar talið er að um 80 þúsund tonn hafi haft þar vetursetu. Í nóvember í fyrrahaust var gerð tilraun til þess að reka síldina út með því að nota hvellhettur til að styggja hana. Nú stendur yfir leiðangur Hafrannsóknastofnunar til að mæla útbreiðslu og stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Byrjað var vestur af Látrabjargi og hefur skipið þrætt sig suður á bóginn síðustu daga. Í gær var skipið vestur af Reykjanesi á svipuðum slóðum og fjögur stór síldveiðiskip.







## STAKSTEINAR

### Kannski hjálpar að kyssa á vönd

**Styrmir Gunnarsson telur að íslensku stjórnmálaflokkarnir séu í sjálfheldu:**

● ● ●

**Það er athyglisvert að staða flokkanna er ekkert rædd, a.m.k. ekki fyrir opnum tjöldum innan þeirra.**


Styrmir Gunnarsson

● ● ●

**Hvers vegna er þessi staða Sjálfstæðisflokksins, sem raunverulega þýðir grundvallarbreytingu á fylgi hans, ekki rædd á opnum fundum í Valhöll?**

● ● ●

**Samfylkingin var stofnuð til að sameina vinstrimenn. Það hefur mistekizt.**

● ● ●

**Hvers vegna er sú staðreynd ekki til umræðu á opnum fundum innan Samfylkingar?**

● ● ●

**Það er grundvallarmunur á því fyrir Sjálfstæðisflokkinn hvort fylgi hans sveiflast á milli 37-42% eða hvort það sveiflast á milli 25-30%.**

● ● ●

**Munurinn felst í því að flokkur með fyrrnefnda fylgið er ákveðin kjölfesta í okkar samfélagi. Það er flokkur með síðarnefnda fylgið ekki.**

● ● ●

**Þessi staða breytist hvorki hjá Sjálfstæðisflokki né Samfylkingunni með því að þegja.**

● ● ●

**En hún gæti breytzt með því að taka hana til umræðu og brjóta til mergjar.**

● ● ●

**Er enginn áhugi eða metnaður til þess?“**

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni http://mbl.is/mogginn/leidarar/

## VEÐUR KL. 12 Í DAG




**Veður víða um heim 27.11., kl. 18.00**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | rigning |
| Bolungarvík | 2 | skýjað |
| Akureyri | -2 | skýjað |
| Nuuk | -6 | skýjað |
| Þórshöfn | 8 | alskýjað |
| Ósló | -2 | snjókoma |
| Kaupmannahöfn | 5 | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3 | skýjað |
| Helsinki | 2 | skýjað |
| Lúxemborg | 6 | skúrir |
| Brussel | 8 | skýjað |
| Dublin | 7 | skýjað |
| Glasgow | 7 | þoka |
| London | 11 | léttskýjað |
| París | 11 | alskýjað |
| Amsterdam | 7 | léttskýjað |
| Hamborg | 3 | léttskýjað |
| Berlín | 2 | léttskýjað |
| Vín | 2 | alskýjað |
| Moskva | -7 | þoka |
| Algarve | 15 | skýjað |
| Madríd | 12 | léttskýjað |
| Barcelona | 16 | skúrir |
| Mallorca | 20 | léttskýjað |
| Róm | 17 | léttskýjað |
| Aþena | 11 | alskýjað |
| Winnipeg | -25 | upplýsingar bárust ekki |
| Montreal | -2 | skýjað |
| New York | 1 | snjókoma |
| Chicago | -2 | skýjað |
| Orlando | 18 | heiðskírt |

| 28. nóvember | Sólarupprás | Sólsetur |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10:38 | 15:55 |
| ÍSAFJÖRÐUR | 11:11 | 15:32 |
| SIGLUFJÖRÐUR | 10:55 | 15:14 |
| DJÚPIVOGUR | 10:14 | 15:18 |

Tunglið
